

Reykjavík 29. nóvember 2014

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis


## Umsögn um tillögu til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar, 78. mál.

Stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar hefur borist til umsagnar erindi Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags.: 21.nóvember 2014, um tillögu til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar, 78. mál.

Stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar tekur ekki afstöðu til staðsetningar Landhelgisgæslunnar en leggur áherslu á að ákvörðun um framtíðarstaðsetningu taki mið af öryggishlutverki stofnunarinnar og að henni verði tryggt nægilegt fjármagn til að standa undir lögboðnu hlutverki sínu.

Rétt er að vekja athygli á þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað á síðustu árum í samhæfingu viðbragðsaðila í leit og björgun á Íslandi og við Íslandsstrendur og má þar einna helst nefna Samhæfingarmiðstöðina í Skógarhlíð. Stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar vill beina því til Alþingis að þess verði gætt við ákvörðun um framtíðarstaðsetningu Landhelgisgæslunnar að ekki verði beygt af þeirri leið sem lagt var upp með í aðdraganda og með tilkomu samhæfingarmiðstöðvarinnar.

Virðingarfyllt  
Slysavarnafélagið Landsbjörg



Jón Svanberg Hjartarson  
framkvæmdastjóri



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG